**8.0 Gildistaka.**

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júní 1989 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 179 6. apríl 1988 um sama efni.

*Samgönguráðuneytið, 9. maí 1989.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

9. maí 1989 Nr. 235

# GJALDSKRÁ

**fyrir þjónustu loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.**

| | Kr. |
|---|---|
| **1.0 Afgreiðslugjöld.** | |
| 1.1 Endurnýjun skírteina einstaklinga, þ.m.t. endurútgáfa glataðra skírteina | 2 000,00 |
| 1.2 Breyting á skírteinum einstaklinga, þ.m.t. innfærsla viðbótarréttinda í skírteini | 600,00 |
| 1.3 Fullgilding erlenda skírteina einstaklinga | 8 000,00 |
| 1.4 Útgáfa, endurútgáfa, breyting og endurnýjun lofthæfisskírteina vélknúinna loftfara og breyting skrásetningarskírteina, þ.m.t. breytingar á skrásetningarmerkjum | 4 000,00 |

**2.0 Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara.**

2.1 Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara miðast við skráðan hámarksflugtaksþunga þeirra.

2.2 Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald.

2.3 Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis til útflutnings er helmingur árlegs skoðunar- og eftirlitsgjalds.

2.4 Gjald fyrir tímabundið lofthæfisskírteini (t.d. framlengingu lofthæfisskírteinis eða ferjuheimild), fer eftir gildistíma sem hlutfall af árgjaldi fyrir hvern byrjaðan mánuð.

2.5 Hálft árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í maí og nóvember ár hvert fyrir næstliðið hálft ár eða hluta úr ári sem loftfarið hafði gilt íslenskt lofthæfisskírteini og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð.

2.6 Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríksins.

2.7 Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld fyrir loftför eru:

| | |
|---|---|
| a) fyrir loftför allt að 5700 kg | 4 200,00 kr. |
| + gjald fyrir þyngd | 6,50 kr/kg |
| b) fyrir loftför 5701–50000 kg | 42 000,00 kr. |
| + gjald fyrir þyngd umfram 5700 kg | 4,70 kr/kg |
| c) fyrir loftför yfir 50000 kg | 260 000,00 kr. |
| + gjald fyrir þyngd umfram 50000 kg | 2,70 kr/kg |

**3.0 Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda.**

3.1 Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda miðast við fjölda þeirra loftfara, sem flugrekandi rekur í starfsemi sinni og hámarksflugtaksþunga þeirra.

3.2 Gjald við fyrstu útgáfu flugrekstrarleyfis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald, og miðast þá við fyrirhugaðan rekstur sem sótt er um hvað varðar fjölda og þyngd loftfaranna.

3.3 Hálft árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í maí og nóvember ár hvert fyrir næstliðið hálft ár eða hluta úr ári sem flugrekandi hafði gilt flugrekstrarleyfi og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð sem hvert loftfar var í rekstri hjá flugrekanda á tímabilinu.

3.4 Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

3.5 Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda eru sem hér segir:

| | Kr. |
|---|---|
| a) fyrir hvert loftfar undir 2700 kg | 9 000,00 |
| b) fyrir hvert loftfar 2701–5700 kg | 18 000,00 |
| c) fyrir hvert loftfar 5701–50000 kg | 60 000,00 |
| d) fyrir hvert loftfar yfir 50000 kg | 90 000,00 |

**4.0 Prófgjöld.**

4.1 Fyrir bókleg próf greiðist eftirtalin gjöld:

| | Kr. |
|---|---|
| a) einkaflugmannspróf | 4 000,00 |
| b) atvinnuflugmannspróf | 6 000,00 |
| c) blindflugspróf | 5 000,00 |
| d) flugkennarapróf | 5 000,00 |
| e) flugumsjónarmannspróf | 6 000,00 |
| f) flugvéltæknispróf | 6 000,00 |
| g) flugrekstrarstjóra- og tæknistjórapróf | 3 000,00 |
| h) fyrir hlutapróf og endurtekningu prófa í einstökum greinum greiðist fyrir hverja grein | 1 000,00 |

4.2 Verkleg próf eru tekin hjá prófdómurum sem tilnefndir hafa verið eða staðfestir af flugmálastjórn/loftferðaeftirliti. Próftakar leggja sjálfir til loftför og greiða kostnað af próftökunni til flugmálastjórnar.

**5.0 Greiðsla gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.**

5.1 Afgreiðslugjöld samkvæmt 1.0 greiðast hjá loftferðaeftirliti flugmálastjórnar, en öll önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar á Reykjavíkurflugvelli. Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júní 1989 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 556 4. desember 1987 um sama efni.

*Samgönguráðuneytið, 9. maí 1989.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

**Stjórnartíðindi B 35, nr. 229–235. Útgáfudagur 12. maí 1989.**